

ANTIKVA EHF 2023

Hafursá

Fornleifaskráning vegna skógræktar

Sigurður Snæbjörn Sigurðsson og Ragnheiður Traustadóttir





Mynd 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.

Forsíðumynd: Varða [3057-211]

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-37-6

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Antikva ehf., Sigurður Snæbjörn Stefánsson og Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	8
Fornleifaskráning	8
Skráningarsvæðið	9
Tilgangur fornleifaskráningar	10
Fornleifaskráning og aðferðir	14
Minjanúmer	14
Tegund, hlutverk og heiti	14
Staðsetning	15
Staðhættir og lýsing	15
Hættumat	15
Mótvægisáðgerðir	16
Fornleifar á svæðinu	17
Hafursá [48]	18
Beitarhús [3057-201] tóft	18
Samgöngubót [3057-202] varða	19

Samgöngubót [3057-203] varða



..... 20

Samgöngubót [3057-204] varða 21

Samgöngubót [3057-205] varða 22

Skotbyrgi [3057-206] hleðsla



.....	23
Fellshús [3057-207] tóft	24
Fellshús [3057-208] tóft	25
Fellshús [3057-209] tóft	26
Kennimark [3057-210] varða	27
Kennimark [3057-211] varða	28
Mógrafir [3057-212] niðurgreftir	29
Hádegisvarða [3057-213] eyktarmark	30
Kennimark [3057-214] varða	31
Samantekt og niðurstöður.....	32
Heimildir	33

Árnastofnun – Örnefnasafn	33
---------------------------------	----

Myndaskrá

Mynd 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.	2
Mynd 2. Skógræktarsvæðið er innan rauðu línunnar. Grænir punktar eru fornleifar.	9
Mynd 3. Skráningarform í Múlaþingi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.	13
Mynd 4. Yfirlitskort af minjum á svæðinu. Á skógræktarsvæðinu eru aðeins vörður.....	17
Mynd 5. Séð yfir tóft [3057-201] til vesturs.	18
Mynd 6. Varða [3057-202] séð frá suðri.....	19
Mynd 7. Varða [3057-203] séð frá austri.	20
Mynd 8. Varða [3057-204] séð frá norðri.	21
Mynd 9. Varða [3057-205] séð frá norðri.	22
Mynd 10. Hleðsla [3057-206] séð frá suðri.	23
Mynd 11. Fellshús [3057-207] séð frá vestri.	24
Mynd 12. Fellshús [3057-208] séð frá austri.	25
Mynd 13. Fellshús [3057-209] séð frá norðri.	26
Mynd 14. Varða [3057-210] séð frá vestri.....	27
Mynd 15. Varða [3057-211] séð frá norðri.	28
Mynd 16. Mógrafir [3057-212] séð frá vestri.	29
Mynd 17. Hádegisvarða [3057-213] séð frá austri.....	30

Mynd 18. Varða [3057-214] séð frá norði.	31
---	----

Inngangur

Að beiðni Páls Sigurðssonar, fyrir hönd Skógræktarinnar, tók Sigurður Snæbjörn Stefánsson, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna fyrirhugaðrar skógræktar á jörðinni. Einnig fylgdi hundurinn Dropi með og hjálpaði til við að finna fornleifar. Skráningin fékk verknúmerið 3057 hjá Minjastofnun Íslands.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og staðsettar og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Við skráningu fundust 14 fornminjar og voru sjö þeirra innan hins eiginlega framkvæmdasvæðis.

Vörður og skotbyrgi á svæðinu ættu ekki að vera í hættu en hins vegar getur steðjað hættu að mógröfum og svokölluðum Fellshúsum. Þótt Fellshús séu utan marka sjálfs framkvæmdasvæðisins er eðli skógaræktarinnar þannig að hún getur haft áhrif á tóftirnar í framtíðinni ef trén dreifa sér.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu og Rúna K. Tetzschner annaðist prófarkalestur.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráning

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem fornleifaskráning fer fram á landi Hafursár. Árið 1998 fór fram svæðisskráning á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystri á vegum Fornleifastofnunar Íslands.¹ Árið 2000 gerði Fornleifastofnun Íslands auk þess fornleifakönnun á svæðinu vegna fyrirhugaðrar Kárahnjúkavirkjunnar.² Árið 2004 annaðist Guðrún Zoëga fyrir hönd Byggðarsafns Skagfirðinga svo fornleifaskráningu á svæðinu fyrir ritun bókar um sögu og náttúru Hallormsstaða, á vegum Náttúrufræðistofu Hjörleifs Guttormssonar fyrir skrif hans

¹ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998.

² Adolf Friðriksson, 2001.

um sögu og náttúru Hallormsstaða.³ Árið 2015 gerði Guðrún Zoëga aftur skráningu á svæðinu í tengslum við ritun Hjörleifs Guttormssonar í *Árbók Ferðafélags Íslands* um Upphérað sem kom út árið 2018.⁴ Árið 2021 var enn gerð fornleifaskráning í landi Hafursár og að þessu sinni vann Rannveig Þórhallsdóttir verkið fyrir hönd Sagnabrunns að beiðni Hitaveitu Egilsstaða og Fella vegna fyrirhugaðrar lagningu ljósleiðara.⁵ Engin af þessum skráningum náði hins vegar til þess svæðis sem hér er skráð.



Mynd 2. Skógræktarsvæðið er innan rauðu línunnar. Grænir punktar eru fornleifar.

Skráningarsvæðið

Skráningarsvæðið liggur milli Fljótsdals og Skriðdals á Hallormstaðarhálsi. Það nær frá Hádegisvörðu í norðri til Króka við Hafursá í suðri og yfir allan Víðidalinn til austurs.

³ Guðrún Zoëga, 2004, 2.

⁴ Guðrún Zoëga, 2016, 6.

⁵ Rannveig Þórhallsdóttir, 2021, 4.

Fyrirhugað skógræktarsvæði er um 177 ha en skráningarsvæði sjálft er töluvert stærra vegna úrtaka á svæðinu sem ekki fara undir skóg en gætu þó orðið fyrir áhrifum af skógræktinni.

Hafursá í Hallormsstaðarlandi liggur á milli Freyshóla sem eitt sinn var hjáleiga frá Hafursá⁶ til norðurs og Hallormsstaða til suðurs og er í um 20 km fjarlægð suður frá Egilsstöðum. Hafursá ræður landamerkjum jarðarinnar inn og upp að reiðgötum sem ráða síðan austur á Skarðshrygg en hann liggur til suðurs og skilur á milli landa Hafursár og hjáleigna frá Hallormsstað: Ormsstaða og Bugðungsvalla.⁷ Landamerki til norðurs eru Freyshólalækur sem nær upp á hálsinn til austurs. Til austurs ráða reiðgötur innan við Sandhóla landamerkjum og upp á hálsinum sjálfum eru það hreppaskilin við Vað í Skriðdal norður undir Freyshólafelli og þaðan norðvestur niður að túnfæti Freyshóla.

Hafursár er getið í Droplaugasöna sögu sem segir að Hrafnkell, bróðursonur Helga Ásbjarnarsonar goða frá Oddsstöðum, hafi búið þar og átt goðorð með Helga Ásbjarnarsyni. Í ritinu *Sveitir og Jarðir í Múlaþingi* er minnst á Hafursá og auk bæjarins er nokkurra afbýla getið. Um 20 mínútna gangur er að gömlum beitarhúsum sem sennilega eru þar sem kallast Sel, staðsett ofan við Selsund. Annað afbýli er nefnt Betlihem og er í um 300-400 m fjarlægð frá bænum til suðurs. Þriðja og síðasta afbýlið sem nefnt er nefndist Blómsturvellir og voru allar hjáleigurnar í byggð á 19. öld.⁸ Þau eru þó utan skráningarsvæðisins. Einnig er getið um minjar eftir áveitu sem var staðsett þar sem Hafursá steypist fram af Hestmel.⁹ Hún nær heldur ekki inná skráningarsvæðið. Undirlendi skráningarsvæðisins er mjög mismunandi. Inn á milli mýra og votlendis er mulið líbarít í hrúgum sem liggja ofan á malarbingum og klettum. Sunnar, í Breiðukvos og Grautarholti, er mikill skógur.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

⁶ Ármann Halldórsson, 1975, 143.

⁷ Ö-Hallormsstaður, 2.

⁸ Ármann Halldórsson, 1975, 141-143.

⁹ Ö-Hafursá, 5.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né

nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausum. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Attribute	Value
Sérheiti	Fellshús
Bæjarnafn	Hafursá
Minja-id	3057-209
Jarðatal Johnsen	48
Flokkun	Búsetuminjar
Tegund	Tóft
Efni	Torf og qrjót
Lengd	21 meter
Breidd	14 meter
Hæð	1,0 metrar
Athugasemdir	
Umhverfi	Gróðursælt
Örnefnaskrá	Ö-Freyshólar, 2.
Aldur	1700-1900
Skráning	SSS-RT
Mæling	Uppmæling
Dagur	15.07.2023
Horfin	Nei
Horfin_astæða	<None>
Hættumat	Engin hættu
Hættuorso	<None>
Ástand	Greinanlegar fornleifar
Gömul nr.	Ekki skráð áður
Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt
Sveitarf	Múlaping
Friðað	Já
Friðlýst	Nei
Gróður	Gras
Minjagildi	Mikið
Mótvægisaðgerð	Engar
Hlutverk	Óþekkt

Mynd 3. Skráningarform í Múlapingi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skulu skipulagsyfyrvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknnum og vettvangsskráningu fornleifa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Hafursá. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst, til dæmis Fellshús „[3057-207]“ tóft, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar á Austurlandi.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimildir“ séu til um fornleifarnar. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis mógrafir [3057-212].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingatæki á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Antikva í Múlaþingi. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat


Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofta eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hafa þó engar fornleifar horfið.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

Fornleifar á svæðinu



Mynd 4. Yfirlitskort af minjum á svæðinu. Á skógræktarsvæðinu eru aðeins vörður.

Hafursá [48]

Beitarhús [3057-201] tóft



Mynd 5. Séð yfir tóft [3057-201] til vesturs.

Grasi vaxin ferköntuð tóft, nokkuð utan skráningarsvæðisins, sem snýr í austur – vestur. Hæð veggja er alveg upp í 1 m og breidd frá 0.7 til 2 m. Til vesturs eru veggirnir þykkastir eða allt að 2 m. Útgangur er til norðurs, staðsettur frekar vestarlega á norðurvegg. Austan við hann er lítil viðbygging með tveimur samsíða veggjum en opin í norður. Önnur minni viðbygging er við austurenda tóftarinnar, u.þ.b. 2 x 2 m að stærð. Tóftin hefur nokkurt minjagildi.

Samgöngubót [3057-202] varða

Mynd 6. Varða [3057-202] séð frá suðri.

Fallega hlaðin og vel varðveitt varða, mun stærri en aðrar vörður á svæðinu. Varðan er vel staðstett þannig að hún er mjög sýnileg þegar komið er að svæðinu að vestan en austan megin byrgir landslagið sýn til hennar. Varðan er mannhæðarhá og í laginu eins og píramíði, með aflíðandi kanta og tind efst. Umhverfist hana er mestmegnis líbarít mulningur en þó einhver gróður eins og mosi. Staðsetning bæði þessarar vörðu og annarra í kring bendir til að þarna hafi verið leið sem ekki hefur fundist og flokkast þær undir samgöngubót. Varðan hefur mikið minjagildi.

Samgöngubót [3057-203] varða

Mynd 7. Varða [3057-203] séð frá austri.

Suður af vörðu [3057-202] er smærri varða, u.þ.b. 1 m að hæð en ekki jafn stæðilega hlaðin; mun færri steinar hafa verið notaðir og hún er öllu minni um sig. Þessi varða er á svolítilli hæð og stendur því hærra í landslaginu en hún hefði ella gert. Hún er vel sýnileg en er á tölvert lægra svæði en varða [3057-202]. Umhverfist vörðu [3057-203] var mestmegnis mulningur og hnallungar úr líbarít en lítið um gróður þótt eitthvað gras og mosi slæðist upp á milli steinanna. Miðað við staðsetningu vörðunnar er sennilega um samgöngubót að ræða. Varðan hefur nokkurt minjagildi.

Samgöngubót [3057-204] varða

Mynd 8. Varða [3057-204] séð frá norðri.

Til suðurs af vörðu [3057-203] er vörðubrot; leifar af hleðslu eru greinilegar en erfitt er að segja til um lögun eða stærð. Brotið náði upp á miðja kálfa, u.þ.b. 0,3 m að hæð. Umhverfi vörðunnar var líkt og hinna tveggja: Hún stóð á svipuðum líparít mulningi en meiri gróður, svo sem lyng, var í og við vörðuna sjálfa. Vegna staðsetningar hennar er sennilega um samgöngubót að ræða. Vörðubrotið hefur lítið minjagildi í sjálfu sér en meira í samhengi við vörðuröðina sem heild.

Samgöngubót [3057-205] varða

Mynd 9. Varða [3057-205] séð frá norðri.

Fjórða varðan er til suðurs af vörðu [3057-204], frekar neðarlega á hæðinni þar sem vörður [3057-203] og [3057-204] standa. Þessi varða [3057-205] er um 0.8 m að hæð, vel hlaðin líkt og varða [3057-202], með breiðari grunn en topp. Umhverfis hana er mulningur til vesturs en gróður (mosi og lyng) til austurs mun meiri en hjá hinum vörðunum. Vegna staðsetningar vörðunnar er sennilega um samgöngubót að ræða. Hún hefur nokkurt minjagildi.

Skotbyrgi [3057-206] hleðsla

Mynd 10. Hleðsla [3057-206] séð frá suðri.

Skeifulaga hleðsla í um hálfs kílómetra fjarlægð frá vörðu [3057-202], mögulega leifar af skotbyrgi til refaveiða. Hleðslan er þökkalega vel varðveitt en ekkert þak á henni eða hrun sem gæti bent til þess að það hafi verið, þó eitthvað af því gæti verið komið undir gróður. Hleðslan stendur á hólbrík, óaðgengileg frá austri og norðri en inngangur sunnan megin. Hún er um 2 m að lengd frá norðri til suðurs og um 3 m frá austri til vesturs, veggir ekki háir í lofti, um 0,5 m þar sem þeir eru hæstir. Umhverfis hleðsluna er mikið um lyng og annan gróður en einnig voru líbarít steinar á víð og dreif. Hleðslan hefur nokkurt minjagildi.

Fellshús [3057-207] tóft

Mynd 11. Fellshús [3057-207] séð frá vestri.

Greinileg tóft sem snýr í norður – suður með útgang til austurs. Tóftin er um 17 m löng og 7 m breið. Hæð veggja er ekki mikil, um 0.7 m og breidd frá 0.5 til 1 m. Suðurendi tóftarinnar var afhólfður og gæti þar hafa verið hlaða. Á þessa tóft er minnst í örnefnalýsingu: „Gamlar tættur fram undir Freyshóla-felli.“¹⁰ Umhverfi tóftarinnar er mjög grasi vaxið þannig að hún sker sig úr, mjög litrík í annars frekar litlausu landslagi. Mikið er um mosa, gras og gullmuru. Tóftin hefur mikið minjagildi og tengist líklega hinum tóftunum tveimur [3057-208 / 209] sem nefnast Fellshús.

¹⁰ Ö-Freyshólar, 2.

Fellshús [3057-208] tóft

Mynd 12. Fellshús [3057-208] séð frá austri.

Fast norðan við tóft [3057-207] er smærri tóft, um 7 x 4 m að stærð, með inngang í norðurenda. Hæð veggja er um 0.5 m, mun minni en í tóft [3057-207], en breidd 0.5 til 1 m. Tóftin er grasi vaxin með mikið af mosa og gullmuru. Inngangur er greinilegur en erfitt að sjá hvort hann hafi verið upp við norðurvegginn eða fyrir miðjum vesturgafli. Mögulega hefur ekki verið neinn hlaðinn veggur fyrir gaflinum en þar gæti hafa verið timburpil. Tóft [3057-208] mætti túlka sem hluta af tóft [3057-207] en vegna þess að tengingin milli þeirra er óljós voru þær mældar sem tvö mannvirki. Tóftin hefur nokkurt minjagildi, ekki síst í tengslum við hinar tóftirnar í Fellshúsum.

Fellshús [3057-209] tóft

Mynd 13. Fellshús [3057-209] séð frá norðri.

Stór tóft sem sennilega er af fjárhúsi, miðað við garðann í miðjunni, og nokkrum viðbyggingum. Inngangur í aðalrýmið með garðanum er vestan megin. Til suðurs er ógreinileg viðbygging þar sem ekki er hægt að sjá innbrúnir veggja. Til norðurs var nokkuð greinilegri viðbygging þar sem mátti greina bæði innbrúnir og útbrúnir. Inngangur í þá viðbyggingu er sömu megin og í aðalrýmið eða fjárhúsið. Austan megin í tóftinni, bak við fjárhúsið, virðist mega greina tvo samsíða vegg, eins og svolítið skot sem opnast í austur.

Tóftin öll er mjög gróin og erfitt að greina umfang hennar á köflum. Lengst er hún um 21 m frá norðri til suðurs en um 15 m frá vestri til austurs. Veggirnir voru frekar þykkir, 1 til 3 m. Umhverfið er mjög gróskumikið, líkt og kringum tóftir [3057-207] og [3057-208], mikið gras, mosi, gullmura og sóleyjar, svo eitthvað sé nefnt.

Tóftin hefur nokkurt minjagildi og ber að skoða hana í samhengi við tóftir [3057-207] og [3057-208].

Kennimark [3057-210] varða**Mynd 14. Varða [3057-210] séð frá vestri.**

Norðaustur af Fellshúsum, uppi á Freyshólafelli, er lítil varða sem er mjög greinileg þegar gengið er að Fellshúsum úr suðri. Varðan er þökkalega vel hlaðin þótt hún sé frekar smá, um 0.7 m en vegna staðsetningarinnar nær hún að standa um 1.5 m ofar en nærumhverfi hennar. Umhverfis hana er mjög hrjóstrugt, þótt greina megi mosa og eitthvað gras hér og hvar. Staðsetning vörðunnar bendir til að um kennileiti sé að ræða frekan en samgöngubót en einungis ein önnur varða [3057-211] er sýnileg á svæðinu. Varðan hefur nokkurt minjagildi.

Kennimark [3057-211] varða

Mynd 15. Varða [3057-211] séð frá norðri.

Norður af vörðu [3057-210], uppi á Freyshólafelli, er lítil varða, um 0.5 m að hæð en undirstaðan hækkar hana upp í um 1.5 m eins og vörðu [3057-210]. Þessi varða [3057-211] er öðruvísi hlaðin en aðrar vörður á svæðinu. Hún er með stóran stein sem undirstöðu og snýr hann með flötu hliðinni upp og hafa verið hlaðnir steinar á hana. Hún er einnig frábrugðin öðrum vörðum að því leyti að hún mjókkar til botnsins en ekki upp á við. Umhverfis vörðuna er mjög hrjóstrugt svipað og hjá vörðu [3057-210] en má greina mosa og gras hér og hvar. Vegna staðsetningar vörðunnar í grennd við einungis eina aðra vörðu [3057-210] og þess hvernig hún er hlaðin er sennilega um kennileiti að ræða frekar en samgöngubót. Varðan hefur nokkurt minjagildi.

Mógrafir [3057-212] niðurgreftir

Mynd 16. Mógrafir [3057-212] séð frá vestri.

Vestur af Fellshúsum er þokkalega stór mýri þar sem hefur verið tekinn mór. Í mýrinni er krökkt af ferhyrningslaga gröfum sem sumar hverjar eru með pollum í en aðrar þurrar. Nær Fellshúsum er meira um votlendi en eftir því sem vestar dregur, nær klettabrúninni þorna grafirnar og flóra svæðisins verður fjölbreyttari. Grafirnar voru um 0.5 x 0.5 m og mjög greinilegar á stóru svæði. Mógrafirnar hafa nokkurt minjagildi.

Hádegisvarða [3057-213] eyktarmark

Mynd 17. Hádegisvarða [3057-213] séð frá austri.

Hádegisvarða er nefnd í örnefnalýsingu, eyktamark frá Freyshólum staðsett á Selbrún upp af Feitukvos.¹¹ Hún er frekar lítil, um 1 m að hæð, þótt hún standi á svolítili upphækkun. Umhverfis hana er frekar hrjóstrugt og gróðurvana; hún er skammt frá mýrinni en svæðið er ekki mjög gróið þegar kemur að vörðunni. Næst henni er þó mikið um berjalyng, eitthvað af mosa og lítil trjáhrísla vex upp við hana vestan megin. Varðan stendur ein og sér. Hún hefur nokkurt minjagildi.

¹¹ Ö-Hafursá, 4.

Kennimark [3057-214] varða

Mynd 18. Varða [3057-214] séð frá norði.

Lítil varða uppi á Grindarmúla. Hún er ekki há í lofti, um 1 m, en þökkalega vel hlaðin. Umhverfis hana er ágætlega gróið mosa, grasi, lambagrasi og þess háttar en þó minna á sjálfum klettinum þar sem hún stendur en annars staðar í nærumhverfinu. Engar vörður eru nálægt, fyrir utan vörðu innan við Hafursá en hún er í nokkurri fjarlægð. Sennilega er um kennileiti sé að ræða frekar en samgöngubót. Varðan hefur nokkurt minjagildi.

Samantekt og niðurstöður

Alls voru skráðar 14 minjar en þar af voru einungis sjö innan framkvæmdasvæðisins. Allar minjarnar teljast fornleifar og sjást á yfirborði.

Vörður [3057-202], [3057-203], [3057-204], [3057-205] og [3057-214] sem og skotbyrgi [3057-206] hafa nokkurt minjagildi, einkum [3057-202]. Þessar minjar eru innan framkvæmdasvæðisins en vegna undirlendis þeirra og staðsetningar uppi á hæðum ætti þeim ekki að stafa eiginleg hættu af skógræktinni. Mógrafir [3057-212] sem einnig hafa lítið minjagildi ná einungis rétt svo inn á framkvæmdasvæðið en eru þó í nokkurri hættu og gætu orðið fyrir röskun. Þær hafa hafa eins og aðrar minjar verið mældar nákvæmlega upp og metur Minjastofnun hvort það dugi. Minjar [3057-201], [3057-210], [3057-211] og [3057-213] hafa nokkurt minjagildi en eru ekki í neinni hættu. Beitarhúsið [3057-201] er það langt fyrir utan framkvæmdarsvæðið að fyrirhugaðar framkvæmdir munu ekki hafa áhrif á það. Einnig gerir staðsetning og fjarlægð frá svæðinu það að verkum að vörður [3057-210], [3057-211] og [3057-213] verða ekki fyrir áhrifum af framkvæmdunum.

Fellshús, tóftir [3057-207], [3057-208] og [3057-209], hafa nokkurt minjagildi. Þau eru ekki inni á eiginlegu framkvæmdarsvæði en stutt frá því og gætu orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri skógrækt. Þótt skógræktin nái ekki til tóftanna er líklegt að skógurinn eigi eftir að breiða úr sér í framtíðinni og þá raska þessum fornminjum.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Adolf Friðriksson. (2001). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. FS135a-00061.

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, II. bindi. Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Guðrún Zoëga. (2004). *Hallormsstaður og nágrenni fornleifaskráning: Byggðarsafn Skagafjarðar*. Sótt 14. júlí 2023 á: https://skyrslur.minjastofnun.is/Verkefni_2355.pdf.

Guðrún Zoëga. (2016). *Fornleifaskráning á Héraði 2015: Byggðarsafn Skagafjarðar*. Sótt 14. júlí 2023 á: <https://www.glaumbaer.is/static/files/pdf/Rannsoknarskyrslur151-199/bsk-2016-166-forneifaskraning-a-heradi-2015.pdf>.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og í Borgarfirði eystra: Greinargerð um svæðisskráningu*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. FS072-98081.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning vegna ljósleiðara á Héraði, 2. áfangi: Vellir frá Hvammi til Hafursár*. Sagnabrunnur. Sótt 14. júlí 2023 á: https://skyrslur.minjastofnun.is/Verkefni_2681.pdf.

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Freyshólar: Örnefnalýsing Freyshóla. (1971). Stefán Einarsson skráði. Sótt 14. júlí 2023 á: <https://nafnid.is/ornefnaskra/21719>.

Ö-Hafursá: Örnefnalýsing Hafursár. (1972). Stefán Einarsson skráði. Hafursá. Sótt 14. júlí 2023 á: <https://nafnid.arnastofnun.is/ornefnaskra/21733>.

Ö-Hallormsstaður: Örnefnalýsing Hallormsstaðar. (2002). Hjörleifur Guttormsson skráði. *Hallormsstaður – örnefnaskrá*. Örnefnastofnun. Sótt 14. júlí 2023 á: <https://nafnid.is/ornefnaskra/21738>.

Nr.	3057-201	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Tóft	Hlutverk	Beitarhús	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar		Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök		
Aldur	1800-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót		Umhverfi				
Lengd	27 m	Breidd	14 m	Hæð	1,0 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	520846.272	Isnet N	703495.879				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Gras	Minjagildi	Nokkurt		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir	Engar				



Grasi vaxin ferköntuð tóft, nokkuð utan skráningarsvæðisins, sem snýr í austur – vestur. Hæð veggja er alveg upp í 1 m og breidd frá 0.7 til 2 m. Til vesturs eru veggirnir þykkastir eða allt að 2 m. Útgangur er til norðurs, staðsettur frekar vestarlega á norðurvegg. Austan við hann er lítil viðbygging með tveimur samsíða veggjum en opin í norður. Önnur minni viðbygging er við austurenda tóftarinnar, u.þ. b. 2 x 2 m að stærð. Tóftin hefur nokkurt minjagildi.

Nr.	3057-202	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Varða	Hlutverk	Samgöngubót	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi					
Lengd		Breidd	2,0 m	Hæð	1,8 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	703804.471	Isnet N	520497.487				
Verkefna nr.	3057	Gróður		Minjagildi	Mikið		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir					



Fallega hlaðin og vel varðveitt varða, mun stærri en aðrar vörður á svæðinu. Varðan er vel staðsett þannig að hún er mjög sýnileg þegar komið er að svæðinu að vestan en austan megin byrgir landslagið sýn til hennar. Varðan er mannhæðarhá og í laginu eins og píramíði, með aflíðandi kanta og tind efst. Umhverfist hana er mestmegnis líbarít mulningur en þó einhver gróður eins og mosi. Staðsetning bæði þessarar vörðu og annarra í kring bendir til að þarna hafi verið leið sem ekki hefur fundist og flokkast þær undir samgöngubót. Varðan hefur mikið minjagildi.

Nr.	3057-203	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Varða	Hlutverk	Samgöngubót	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar		Hættumat		Hættuorsök		
Aldur		Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót		Umhverfi				
Lengd		Breidd	1,0	Hæð	1 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei		Örnefnaskrá				
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	703795.730		Isnet N	520422.444			
Verkefna nr.	3057		Gróður	Gróðurvana		Minjagildi	
Ljósmyndari	SSS		Mótvægisaðgerðir				



Suður af vörðu [3057-202] er smærri varða, u.þ.b. 1 m að hæð en ekki jafn stæðilega hlaðin; mun færri steinar hafa verið notaðir og hún er öllu minni um sig. Þessi varða er á svolítilli hæð og stendur því hærra í landslaginu en hún hefði ella gert. Hún er vel sýnileg en er á tölvert lægra svæði en varða [3057-202]. Umhverfist vörðu [3057-203] var mestmegnis mulningur og hnúllungar úr líbarít en lítið um gróður þótt eitthvað gras og mosi slæðist upp á milli steinanna. Miðað við staðsetningu vörðunnar er sennilega um samgöngubót að ræða. Varðan hefur nokkurt minjagildi.

Nr.	3057-204	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Varða	Hlutverk	Samgöngubót	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		

Ástand	Greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi					
Lengd		Breidd	1,0	Hæð	0,3	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	703754.736	Isnet N	520350.696				
Verkefna nr.	3057	Gróður		Minjagildi	Lítið		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir					



Til suðurs af vörðu [3057-203] er vörðubrot; leifar af hleðslu eru greinilegar en erfitt er að segja til um lögun eða stærð. Brotið náði upp á miðja kálfa, u.þ.b. 0,3 m að hæð. Umhverfi vörðunnar var líkt og hinna tveggja: Hún stóð á svipuðum líparít mulningi en meiri gróður, svo sem lyng, var í og við vörðuna sjálfa. Vegna staðsetningar hennar er sennilega um samgöngubót að ræða. Vörðubrotið hefur lítið minjagildi í sjálfu sér en meira í samhengi við vörðuröðina sem heild.

Nr.	3057-205	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Varða	Hlutverk	Samgöngubót	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hættu	Hættuorsök			
Aldur	900-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi					
Lengd		Breidd	0,80	Hæð	1,0	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	703727.482	Isnet N	520275.527				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Melur	Minjagildi			
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir					



Fjórða varðan er til suðurs af vörðu [3057-204], frekar neðarlega á hæðinni þar sem vörður [3057-203] og [3057-204] standa. Þessi varða [3057-205] er um 0.8 m að hæð, vel hlaðin líkt og varða [3057-202], með breiðari grunn en topp. Umhverfis hana er mulningur til vesturs en gróður (mosi og lyng) til austurs mun meiri en hjá hinum vörðunum. Vegna staðsetningar vörðunnar er sennilega um samgöngubót að ræða. Hún hefur nokkurt minjagildi.

Nr.	3057-206	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Hleðsla	Hlutverk	Skotbyrgi	Flokkur	Nytjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Mikil hætta	Hættuorsök	Skógrækt		
Aldur	1700-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi					
Lengd		Breidd	1,0	Hæð	0,5 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	704303.882	Isnet N	520670.582				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Lyng,mosi	Minjagildi	Nokkurt		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir	Engar				



Skeifulaga hleðsla í um hálfs kílómetra fjarlægð frá vörðu [3057-202], mögulega leifar af skotbyrgi til refaveiða. Hleðslan er þokkalega vel varðveitt en ekkert þak á henni eða hrun sem gæti bent til þess að það hafi verið, þó eitthvað af því gæti verið komið undir gróður. Hleðslan stendur á hólbrík, óaðgengileg frá austri og norðri en inngangur sunnan megin. Hún er um 2 m að lengd frá norðri til suðurs og um 3 m frá austri til vesturs, veggir ekki háir í lofti, um 0,5 m þar sem þeir eru hæstir. Umhverfis hleðsluna er mikið um lyng og annan gróður en einnig voru líbarít steinar á víð og dreif. Hleðslan hefur nokkurt minjagildi.

Nr.	3057-207	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Tóft	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Fellshús	Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót	Umhverfi					
Lengd	17 m	Breidd	7 m	Hæð	0,5 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Freyshólar, 2.				
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	704312.556	Isnet N	520953.276				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Gras,mosi	Minjagildi	Mikið		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir	Engar				



Greinileg tóft sem snýr í norður – suður með útgang til austurs. Tóftin er um 17 m löng og 7 m breið. Hæð veggja er ekki mikil, um 0.7 m og breidd frá 0.5 til 1 m. Suðurendi tóftarinnar var afhólfður og gæti þar hafa verið hlaða. Á þessa tóft er minnst í örnefnalýsingu: „Gamlar tættur fram undir Freyshóla-felli.“ Umhverfi tóftarinnar er mjög grasi vaxið þannig að hún sker sig úr, mjög litrík í annars frekar litlausu landslagi. Mikið er um mosa, gras og gullmuru. Tóftin hefur nokkurt minjagildi og tengist líklega hinum tóftunum tveimur [3057-208 / 209] sem nefnast Fellshús.

Nr.	3057-208	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Tóft	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Fellshús	Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni		Umhverfi					
Lengd		Breidd	1,0	Hæð	0,7	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Freyshólar, 2.				
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	704307.682	Isnet N	520967.216				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Gras	Minjagildi	Mikið		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir	Engar				



Fast norðan við tóft [3057-207] er smærri tóft, um 7 x 4 m að stærð, með inngang í norðurenda. Hæð veggja er um 0.5 m, mun minni en í tóft [3057-207], en breidd 0.5 til 1 m. Tóftin er grasi vaxin með mikið af mosa og gullmuru. Inngangur er greinilegur en erfitt að sjá hvort hann hafi verið upp við norðurvegginn eða fyrir miðjum vesturgafli. Mögulega hefur ekki verið neinn hlaðinn veggur fyrir gaflinum en þar gæti hafa verið timburpíl. Tóft [3057-208] mætti túlka sem hluta af tóft [3057-207] en vegna þess að tengingin milli þeirra er óljós voru þær mældar sem tvö mannvirki. Tóftin hefur nokkurt minjagildi, ekki síst í tengslum við hinar tóftirnar í Fellshúsum.

Nr.	3057-209	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Tóft	Hlutverk	Óþekkt	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti	Fellshús	Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót	Umhverfi					
Lengd		Breidd	2,0	Hæð	1,0	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Freyshólar, 2.				
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	704339.918	Isnet N	520975.049				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Gras	Minjagildi	Mikið		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir	Engar				



Stór tóft sem sennilega er af fjárhúsi, miðað við garðann í miðjunni, og nokkrum viðbyggingum. Inngangur í aðalrýmið með garðanum er vestan megin. Til suðurs er ógreinileg viðbygging þar sem ekki er hægt að sjá innbrúnir veggja. Til norðurs var nokkuð greinilegri viðbygging þar sem mátti greina bæði innbrúnir og útbrúnir. Inngangur í þá viðbyggingu er sömu megin og í aðalrýmið eða fjárhúsið. Austan megin í tóftinni, bak við fjárhúsið, virðist mega greina tvo samsíða veggj, eins og svolítið skot sem opnast í austur. Tóftin öll er mjög gróin og erfitt að greina umfang hennar á köflum. Lengst er hún um 21 m frá norðri til suðurs en um 15 m frá vestri til austurs. Veggirnir voru frekar þykkir, 1 til 3 m. Umhverfið er mjög gróskumikið, líkt og kringum tóftir [3057-207] og [3057-208], mikið gras, mosi, gullmura og sóleyjar, svo eitthvað sé nefnt. Tóftin hefur nokkurt minjagildi og ber að skoða hana í samhengi við tóftir [3057-207] og [3057-208].

Nr.	3057-210	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði	Freyshólafell	Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Varða	Hlutverk	Kennimark	Flokkur	Kennimark		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi					
Lengd		Breidd	1,0	Hæð	0,7 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	704399.793	Isnet N	521080.302				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Gróðursnautt	Minjagildi	Nokkurt		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir	Engar				



Norðaustur af Fellshúsum, uppi á Freyshólafelli, er lítil varða sem er mjög greinileg þegar gengið er að Fellshúsum úr suðri. Varðan er þokkalega vel hlaðin þótt hún sé frekar smá, um 0.7 m en vegna staðsetningarinnar nær hún að standa um 1.5 m ofar en nærumhverfi hennar. Umhverfis hana er mjög hrjóstrugt, þótt greina megji mosa og eitthvað gras hér og hvar. Staðsetning vörðunnar bendir til að um kennileiti sé að ræða frekan en samgöngubót en einungis ein önnur varða [3057-211] er sýnileg á svæðinu. Varðan hefur nokkurt minjagildi.

Nr.	3057-211	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði	Freyshólsfell	Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Varða	Hlutverk	Kennimark	Flokkur	Kennimark		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi					
Lengd		Breidd	1,0	Hæð	0,5	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	704420.537	Isnet N	521191.212				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Gróðurvana	Minjagildi	Nokkurt		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir	Engar				



Norður af vörðu [3057-210], uppi á Freyshólafelli, er lítil varða, um 0.5 m að hæð en undirstaðan hækkar hana upp í um 1.5 m eins og vörðu [3057-210]. Þessi varða [3057-211] er öðruvísi hlaðin en aðrar vörður á svæðinu. Hún er með stóran stein sem undirstöðu og snýr hann með flötu hliðinni upp og hafa verið hlaðnir steinar á hana. Hún er einnig frábrugðin öðrum vörðum að því leyti að hún mjókkar til botnsins en ekki upp á við. Umhverfis vörðuna er mjög hrjóstrugt svipað og hjá vörðu [3057-210] en má greina mosa og gras hér og hvar. Vegna staðsetningar vörðunnar í grennd við einungis eina aðra vörðu [3057-210] og þess hvernig hún er hlaðin er sennilega um kennileiti að ræða frekar en samgöngubót. Varðan hefur nokkurt minjagildi.

Nr.	3057-212	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Mógrafir	Hlutverk	Mógröf	Flokkur	Nytjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		
Ástand	Greinanlegar minjar	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	900-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni		Umhverfi	Mýri				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	704152.670	Isnet N	521016.617				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Gras, mosi	Minjagildi	Lítið		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir	Engar uppmæling fullnægjandi				



Vestur af Fellshúsum er þökkalega stór mýri þar sem hefur verið tekinn mór. Í mýrinni er krökkt af ferhyrningslaga gröfum sem sumar hverjar eru með pollum í en aðrar þurrar. Nær Fellshúsum er meira um votlendi en eftir því sem vestar dregur, nær klettabrúninni þorna grafirnar og flóra svæðisins verður fjölbreyttari. Grafirnar voru um 0.5 x 0.5 m og mjög greinilegar á stóru svæði. Mógrafirnar hafa lítið minjagildi. eru ekki vel varðveittar.

Minjastofnun Íslands ákveður hvort uppmæling sé fullnægjandi.

Nr.	3057-213	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði		Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Varða	Hlutverk	Eyktamark	Flokkur	Kennimark		
Sérheiti	Hádegisvarða	Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur		Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi					
Lengd		Breidd	1,0	Hæð	2,0	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Hafursá, 4.				
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	704039.075	Isnet N	521014.204				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Gras, mosi	Minjagildi	Mikið		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir					



Hádegisvarða er nefnd í örnefnalýsingu, eyktamark frá Freyshólum staðsett á Selbrún upp af Feitukvos. Hún er frekar lítil, um 1 m að hæð, þótt hún standi á svolítilli upphækkun. Umhverfis hana er frekar hrjóstrugt og gróðurvana; hún er skammt frá mýrinni en svæðið er ekki mjög gróið þegar kemur að vörðunni. Næst henni er þó mikið um berjalyng, eitthvað af mosa og lítil trjáhrísla vex upp við hana vestan megin. Varðan stendur ein og sér. Hún hefur mikið minjagildi.

Hún er 45 m frá skógræktarsvæðinu.

Nr.	3057-214	Bæjarnafn	Hafursá	Gömul nr.	Ekki skráð áður	Jarðatalsnr.	48
Svæði	Grindarmúli	Sveitafélag	Múlaþing	Dag.	15.07.2023	Skráning	SSS
Tegund	Varða	Hlutverk	Kennimark	Flokkur	Kennimark		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Fornleifaskráning skógrækt Hafursá		
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat		Hættuorsök			
Aldur	900-1900	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót	Umhverfi	Uppi á Grindarmúla, gróið.				
Lengd		Breidd	1,0	Hæð	1,0	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir					
Isnet E	703052.772	Isnet N	519247.640				
Verkefna nr.	3057	Gróður	Gras, mosi	Minjagildi	Nokkurt		
Ljósmyndari	SSS	Mótvægisaðgerðir					



Lítil varða uppi á Grindarmúla. Hún er ekki há í lofti, um 1 m, en þokkalega vel hlaðin. Umhverfis hana er ágætlega gróið mosa, grasi, lambagrasi og þess háttar en þó minna á sjálfum klettinum þar sem hún stendur en annars staðar í nærumhverfinu. Engar vörður eru nálægt, fyrir utan vörðu innan við Hafursá en hún er í nokkurri fjarlægð. Sennilega er um kennileiti sé að ræða frekar en samgöngubót. Varðan hefur nokkurt minjagildi.

